# Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA   Mars 2022   Nr. 17



*Á myndinni er hluti þeirra félagsmanna FP sem tóku þátt í Stefnumótunarfundinum.*

### Þáttaskil í starfsháttum Félags pípulagningameistara:

# FP efnir í fyrsta sinn til Stefnumótunarfundar

**Þann 6. nóvember 2021 fór FP í stefnumótun. Stefnumótunin var haldin á Landhóteli sem er staðsett á Suðurlandi. Eftir stefnumótunina var árshátíð um kvöldið sem heppnaðist mjög vel.**

Tæplega 50 félagsmenn voru skráðir í stefnumótun FP en vegna Cov-19 var eitthvað um forföll og mættu því um 38 félagsmenn FP sem tóku þátt í stefnumótun FP. Skipt var upp í fimm hópa og voru um 7-8 manns í hverjum hópi. Stefnumótunarnefnd FP undirjó daginn með því að hittast nokkrum sinnum til að undirbúa spurningar fyrir sjálfan daginn. Í stefnumótunarnefnd FP eru: Andrés

*– Framhald greinar á bls. 2.*

## Hvað gerir Félag pípulagningameistara fyrir mig? – Bls. 8

## Böðvar Markan, pípulagningameistari ræðir um fúsk á byggingamarkaði og skort á faglegri ábyrgð – Sjá bls. 3



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
1. sæti 2017-2020
SAMFÉLAGSSKÝRSLA ÁRSINS 2021
2018 - 2021
BYKO
lagnadeild@byko.is

Nýja kynslóðin í sturtuklefum!
Engar skrúfur, ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi með smellukerfi
80x80 cm og 90x90 cm
*blöndurnartæki seld sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14
INNRÉTTINGAR & TÆKI

# Aðalfundur Félags pípulagninga-meistara 2022

**Boðað er til aðalfundar Félags pípulagningameistara á Hótel Örk þann 2. apríl n.k. kl. 15:00. Dagskrá fundarins verður með hefðbundnum hætti.**
**Að venju er vandað til hlutanna þegar Aðalfundur félagsins er annarsvegar. Sú hefð er í heiðri höfð að félagsmenn bregða sér út fyrir Höfuðborgarsvæðið. Dvalið verður, ásamt mökum, á Hótel Örk í Hveragerði yfir helgina.**
**Eru félagsmenn hvattir til að hafa samband og skrá sig til leiks á fundinum.**



*Svipmynd frá síðasta Aðalfundi Félags pípulagningameistara.*




# Stefnumótunarfundur hjá FP í fyrsta sinn

*– Framhald greinar af forsíðu*

Hinriksson, Brynjar Kristjánsson, Gísli Gunnlaugsson, Guðmundur Páll Ólafsson, Trausti Guðjónsson, Þorgeir Kristófersson, Magnús Björn Bragason, Kári Samúelsson og Böðvar Ingi Guðbjartsson.
Spurningarnar sem lagðar voru fyrir félagsmenn voru fimm talsins og voru þær svohljóðandi:

**1. Hversu ánægður ertu með félagið í dag og hvað má gera betur.**
**2. Hvaða ógnunum stöndum við frammi fyrir sem félag og hvernig ætti félagið að beita sér gegn þeim ógnunum.**
**3. Hvar eru tækifærin fyrir félagið og hvernig eigum við að nýta þau tækifæri.**
**4. Hvernig gerum við félagið aðlaðandi fyrir meistara?**
**5. Er hagsmunun FP betur borgið innan eða fyrir utan SI?**

Félagsmenn voru heilt yfir ánægðir með daginn og söfnuðust fullt af góðum hugmyndum fyrir félagið til að vinna úr. Niðurstöður stefnumótunardagsins verða kynntar á næsta aðalfundi FP sem haldinn verður 2. apríl 2022 á Hótel Örk.
Fyrir stjórn FP og þann sem er í forsvari fyrir FP er stefnumótun bráðnauðsynleg þar sem formaður og stjórn starfa í umboði aðalfundar. Stefnumótunin er til næstu fimm ára og gefur góða yfirsýn um það hver sé vilji félagsmanna. Skýr stefna veit á gott.



Fréttapíp
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

**Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara.** Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.

# Vatn & veitur, Johan Rönning og Sindri opna verslun á Selfossi




Vatn & veitur, Johan Rönning og Sindri hafa opnað glæsilega verslun í nýju húsnæði við Austurveg 69 á Selfossi. „Við erum afar ánægð með opnunina á Selfossi og ánægð að geta veitt pípurum á þessu svæði enn betri þjónustu, segir Róbert Ísleifsson rekstrarstjóri Vatns & veitna. „Við höfum unnið að opnun síðastliðið ár og erum stolt af þessari sérstaklega glæsilegu og rúmgóðu verslun." Í versluninni er gott vöruframboð af pípulagnavörum en úrvalið ætlar Róbert og hans fólk að þróa áfram með viðskiptavinunum. „Við erum að bjóða marga gæða birgja, m.a. Aquatherm, Hawle, ATUSA, Eurotubi, IMI-Hydronics, Maincor og PlastItalia til að nefna nokkra." Nú er komin fagverslun fyrir iðnaðarmenn þar sem pípulagnafólk, veitufyrirtæki og annað fagfólk getur fengið allt sem vantar undir undir sama þaki. Að geta verslað allan búnað í heimabyggð er mikil búbót fyrir fagfólk á Suðurlandi.






# Ný glæsileg aðstaða Félags pípulagningameistara

**Félag pípulagningameistara hefur flutt höfuðstöðvar sínar að Stórhöfða 29, 3. hæð, í bjart og rúmgott húsnæði sem allt hefur verið tekið í gegn og standsett. Eins og sést á meðfylgjandi myndum er aðstaðan hin glæsilegasta.**
**Stjórn FP fékk Thelmu Guðmundsdóttur, innanhússarkitekt, til að hanna rýmið og veitti hún ráðgjöf við val á húsgögnum og búnaði skrifstofunnar. Thelma sá einnig um öll innkaup því tengt.**
**Auk glæsilegs skrifstofurýmis, þá hefur félagið aðgang að fundarsölum í ýmsum stærðum og útfærslum.**







*Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP er hér glaðbeittur við nýja og glæsilega vinnuaðstöðu félagsins.*










# Böðvar Markan, pípulagningameistari ræðir um fúsk á byggingamarkaði og ábyrgð í faglegum skilningi

**Ég ætla rétt að stikla á því sem er hollt að gera sér og öðrum til góða vonandi,**
Guðmundur nágranni minn Ásgreirsson eða Mummi gamli í Sörlaskjólinu var í raun sá aðili sem kenndi mér að vinna við pípulagnir líklega 1982-84 þegar hann bauð mér með sér í aukavinnuna, kenndi mér að slaglóða eirlagnir og margt fleira. Smá fyndið að það var ekki pabbi eða Hörður bróðir sem komu mér á sporið...
...En ég hef unnið við pípulagnir síðan 1986, þegar ég vann með bróður mínum heitnum, Herði Markan, við handlang í viðbyggingu Hótel Sögu fyrir Guðmund Finnbogason. Pabbi, sem hét líka Hörður Markan, lést árið 1987 þá 70 ára gamall, eða árið sem ég ákvað að fara og læra. Missti reyndar Hörð bróðir líka allt of snemma 1999 (54) en það herðir mann auðvitað að fara í gegnum lífið eftir að hafa hvatt gott fólk.
Í stórum dráttum fór ég að læra eftir þessi viðkynni 1987 hjá Marinó Jóhannssyni, en ég hafði kynnst Marinó í byggingarvinnu í Reykás sennilega árið 1984 eða 85
Marinó tók mig á samning sama ár og ég kláraði Sveinspróf 1992 og fór svo beint í Meistaraskólann og kláraði ég hann 10. Júní 1984.
Hef starfað við fagið allar götur síðan, einyrki til 2001 þegar ég stofnaði B. Markan pípulagnir ehf.
Þegar við ræðum svona langann kafla í lífinu og þar sem ég lærði af svo miklum fagmönnum á ég svo erfitt með að sætta mig við hvar við erum staddir í dag næstum 40 árum síðar hvað varðar menntun og lögverndun.
Það hefur verið mér hjartans mál að vinna við gamlar byggingar, viðgerðir og endurlagnir ásamt því að hafa vaxið með jarðvinnu og endurnýjun dren og skolplagna. En fyrsta skolpögnin var sögð lögð í Reykjavík 1897 í Bankastræti skv. áreiðanlegum heimildum
Það er furðulega mikið gap á kerfinu að gæta ekki sömu hagsmuna með þessi verk eins og nýbyggingu þar sem uppáskriftar er krafist. Reyndar kom ströng krafa á viðhaldsverkum þegar byggingarstjórahlutverkið var fundið upp og átti að hafa sömu kröfu á skolp og drenlagnir þ.e.a.s. að verkin ættu að vera uppáskriftarskild. Og eftirfylgni samfélagsins með úttektir o.s.frv yrðu framkvæmdar og þá um leið myndu aðilar sem höfðu ekki tilskilinn réttindi og svo seinna fyrirtæki sem taka að sér fóðringu lagna svo eitthvað sé nefnt hefðu ekki sama tillkall í verkin nema að uppfylltum réttindum. Þá hefur kerfið gjörssamlega brugðist með aðkomu manna með meistararéttindi sem hafa gefið nafnið sitt (leppað) svo að viðkomandi gæti starfað á sama verttvangi jafnvel þótt sá aðili kæmi aldrei nálægt verkinu. Ég hef ekki séð neitt af þessu orðið að veruleika og því stenst það ekki lög meðan ég hef löggildingu og er Meistari að þurfa að keppa við þessa aðila sem ganga um samfélagið og titla sig jafnvel á samfélagsmiðlum sem fagmenn í faginu.
Þessi verkefni kosta hvert og eitt margar milljónir og eru risaþáttur í að gera hús að veruleika, og að það starfi eðlilega um ókomin ár. Röng vinnubrögð á þessum verkum geta gert jarðhæð íbúð óstarfhæfa á nokkrum vikum, þá er yfirleitt íbúðin óíbúðarhæf vegna rakakemmda, og byrja þarf að rífa allt aftur úr þeim og byrja uppá nýtt að laga skolp og dren, en þetta er því miður að gerast, og kostnaður jafnvel tvöfaldur eða þrefaldur.
Þetta þarf að laga því það er ljóst að fólk, eigendur, íbúar, tryggingar og bankar okkar sem blæða fyrir það milljörðum á árlega í handvömm, skemmdir sem gerist þegar vinnann bregst og verkin eru ósæmilega unninn og enginn vill taka ábyrgð.
Við erum því miður stödd þarna eftir allann lærdóminn, metnaðinn o.s.frv. Verkfærin eru í rangri tösku og hagsmunir liggja í einkennilegum farvegi. Það virðist sem að fagið nái ekki að útskrifa nógu marga til að komast yfir þetta með skotheldum hætti. Verðlag, getan og eftirfylgnin er því miður í engu samhengi.
Ég skora á félag pípul,meistara og/eða Samtök iðnaðarins að bretta upp ermar og herða þessa menntavegi og verðlauna þá sem virkilega hafa lagt sig við að gera fólkinu og samfélaginu hærra undir höfði og að hús okkar sem við eyðum aleigunni í, standast þær væntingar að bankar og tryggingar geti sofið róleg á nóttunni í stað þess að verja þesa vitleysu.
Fúskari eða fagmaður er í raun annaðhvort hæfur eða óhæfur iðnaðarmaður. Við eigum að geta stolt tekið þátt í að stytta vinnuvikuna, unnið á hærra kaupi greitt mannsæmandi laun til komandi fagmanna sem við erum að kenna, hætt fyrr á daginn og lagst á koddann með virðingu í hjartanu.
Ég er með báða syni mina hjá mér í vinnu og tel að það séu algjör forréttindi að geta komið að nýju uppeldi við þá á þessum vettvangi, þar sem ég hef tækifæri að sjá þá verða að manni í þeim skilningi.
Við eigum ekki að þurfa að keppa við fólk sem hefur ekki nennt að fara í skólann og þegar illa árar þá skipta þeir um kennitölur o.s.f.rv með sama högginu fyrir samfélagið, aftur og aftur.
Ég hef líka velt því fyrir mér hvað hraðinn er að skemma mikið fyrir okkur og efnisval almennt hefur skemmt eignir, og það er grátlegt hvað húsin okkar standast illa skoðanir eftir að þessar ákvarðanir voru teknar að nota ekki sveitarfélög og t.d. verkfræðistofur til að sjá um regluglegar úttektir eins og áður tíðkaðist og hver verkhluti var ekki hulinn í hraðanum.
Gifsveggir og blikkstoðir þar sem plastlagnir voru settar í jafnvel án einagrunar, sjá svo þessa veggi opnaða 5 til 10 árum seinna og hörmungarnar sem þar hafa sprottið upp. Eitthvað sem við upplifðum miklu síður í húsum byggðum áratugum fyrr.
Sjá hvernig skolpagnir og drenlaögnum er hreinlega hent niður, án allra þáttanna sem gera gott lagnakerfi til þess að endast skv. reglugerðum í a.m.k. 50 ár. Jarðvinnuþættir eru hörmung, verið að nota jafnvel moldina aftur niður með pípum svo eitthvað sé nefnt. Engum teikningum er skilað til byggingaryfirvalda o.s.frv., eða verklagið er ekki í samræmi við það sem okkur var uppálagt að vinna skv. Ströngustu kröfum.
Verksamningar að verkefninu ekki gerð nægilega góð skil og á mörgum stöðum farið framúr væntingum, ekki haldnir fundir sem kynna óvæntar uppákomu, heldur haldið áfram í milljóna framkvæmd sem er




*Böðvar Markan, pípulagningameistari.*

löngu dauðadæmd af því aðilum eru ekki kynntar ástæður fyrir breytingum: Til dæmis klöpp, dýpi vanreiknað, lagnir standast ekki útreikninga með halla ofl. ofl., þetta allt gerir verkið að því sem við fagmenn höfum mentað okkur að gera.

Það væri því gaman og þarft að sjá þessum vettvangi gerð betri skil og jafnvel að honum verði fundinn farvegur í menntakerfinu sem ekki síður verðmætur eins og um nýtt hús væri að ræða. Skil á teikningum, myndum o.s.frv er algjört skilyrði.
Það vantar líka að taka eitt inn í menntun iðnaðarmanna og það er hversu mikilvægt er að taka eðlilega mikið af verkefnum að sér, hvíla sig hæfilega og hafa góða yfirsýn á mannskap, verk og fjölsyldu sína.
Vel hvíldur maður er í góðu jafnvægi , skilar góður verki og verður miklu hæfari til að takast á við nýjann vinnudag og hugsa um fjölskyldu sína:

… eða eins og Jim Carrey sagði um Meril Streep 2004 á Best Actress: Awards „LESS IS MORE“

***Með hug og hjarta til betri framtíðar,***
**Böðvar Markan, pípulagningameistari.**

# Hitatækni eykur umsvif sín með sameiningum

**Varmi, Rafloft og Hitatækni hafa sameinast undir nafni Hitatækni ehf. Aðsetur fyrirtækisins er að Smiðjuvegi 10. Kópavogi. Græn gata. S: 588 6070. Öll fyrirtækin hafa á undanförnum áratugum byggt upp sérþekkingu á sínu tæknisviði og myndað traust viðskiptasambönd við marga þekkta og öfluga erlenda framleiðendur. Með sameiningunni hefur orðið til eitt sterkasta fyrirtæki á sínu sviði hérlendis.**
**Hitatækni getur boðið og hannað heildarlausnir og veitt ráðgjöf um notkun þess búnaðar og séð um raftengingar og þjónustu sé þess óskað. Má þar nefna stjórnbúnað frá Regin og Belimo, sem er þekktur og mikið notaður búnaður til stýringa á hita- og loftræstikerfum, eins og í tengigrindum, pottastýringum, sjóbræðslustýringum o.fl. Enn fremur selur Hitatækni vatnstengda kæliblásara, anddyris- og hitablásara ásamt þeim stjórnbúnaði sem þarf fyrir slík tæki.**
**Hitatækni sérhæfir sig í öllu er viðkemur loftræsikerfum, s.s. ráðgjöf, sölu á búnaði, hönnun, uppsetningu á stjórnkerfum og þjónustu og viðhaldi slíkra kerfa**
**Hjá félaginu starfa sérfræðingar í loftræsingum með áratuga reynslu í geiranum**
**Félagið hefur komið að sölu og uppsetningu á loftræsibúnaði í flestum stærstu og flóknustu byggingaverkefnum landsins undanfarin ár.**

Hitatækni

***Nýtt merki sameinaðra fyrirtækja.***






S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is
GSM 693 9000

www.arospipulagnir.is
aros@arospipulagnir.is
ÁRÓS PÍPULAGNIR
Holtsvegur 45
210 Garðabæ

H2O LAGNIR
Laxatungu 136 - 270 Mosfellsbæ
GSM 662 3235 - h2olagnir@gmail.com

PE PÍPULAGNIR FRAVEITULAGNIR.IS
Einivöllum 5 - 221 Hafnarfirði
GSM 869 3441
pepipulagnir@gmail.com

Gaui píp ehf
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

Pípulagna VERKTAKAR ehf
Miðhrauni 18 – 210 Garðabæ
pv.is – pv@pv.is

PÍPULAGNIR SAMÚELS & KÁRA EHF

Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

Viðhaldslagnir ehf.
Svavar Örn Halldórsson
PÍPULAGNINGAMEISTARI
GSM 698 2247
viðhaldslagnir@gmail@com

Lagnabræður ehf.
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
postur@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

HS pípulagnir
HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

IPV
Íslenskir Pípulagningaverktakar
Smiðjuvegi 11 -
200 Kópavogi -
GSM: 693 9053 -
atlirunar@ipv.is

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is

Press lagnir ehf
Presslagnir ehf.
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

JOHNNY PÍPARI
Mávanesi 13 - 210 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

E. VILJAR PÍPULAGNIR OG GAS
E. VILJAR ehf.
Birkiholti 4 -
225 Garðabæ
GSM 616 9611
eviljar@eviljar.is

VATN ehf.
Eyjólfur Valsson pípulagningameistari
Skólagerði 40 - 200 Kópavogi - GSM 898 4611

PIPCO
8616688
johannesgylfi@icloud.com
Nýlagnir
Endurlagnir
Viðhald
Ástandskönnun
Skolpmyndavél
Hitamyndavél
Stíflulosun
Jóhannes Gylfi Ólafsson
löggiltur pípulagningameistari

STOFNLAGNIR PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf.
Fossaleyni 16 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

Benni pípari ehf
Pípulagningaverktaki
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000
bennipip@simnet.is

Villi pípari ehf
GSM: 8240434
Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is

FLÆÐI Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Svæði
620 Dalvík
Sími: 466 1401
GSM: 898 5524
maggisvaedi@simnet.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

HÚSA LAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

AH PÍPULAGNIR
AH pípulagnir ehf.
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

LAGNAVIRKJUN ehf.
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI
Bæjargil 63 - 210 Garðabær
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

**LÖGGILDINGU Í ÍSLENSKUM BYGGINGARIÐNAÐI**

PÍPULAGNIR
Fagmennska – Færni - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201

SB Pípulagnir ehf
pípulagnaþjónusta
skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

Sb pípulagnir ehf.
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

Vatn og pípur ehf.
Sigurður Úlfar Sigurðsson
pípulagningameistari
Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi
GSM 788 0044 – vatnogpipur@gmail.com

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

PÍPULAGNINGAMEISTARI
Sölkugötu 2 - 270 Mosfellsbær
GSM: 834 8080
ags.pipulagnir@gmail.com
AGS Pípulagnir Ehf

litlalagna.is
LITLA
LAGNAÞJÓNUSTAN

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

Bládropi
Birkiteig 7 - 230 Reykjanesbæ
bladropinn@gmail@com
GSM 846 4627

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

GK ÞJÓNUSTA
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com

Bubbi Pípari ehf.
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is

Óskar Friðbjörnsson
Smiðjuvegi 11
200 Kópavogi
GSM: 897 4300
jolagnir@simnet.is
JÓ Lagnir

vatnsidnadur.net
Gagnagrunnur – Þekking – Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

GRUNDFOS



Þekking og traust samstarf í áratugi

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

ALFA LAVAL



# Hvað gerir Félag pípulagningameistara fyrir mig?

**Félag Pípulagningameistara:**

– Stendur vörð um lögverndun greinarinnar. Pípulagnir er löggilt iðngrein.
– Eflir samvinnu á meðal félagsmanna.
– Stuðlar að menningu á meðal félagsmanna. Farið er í vísindaferðir.
– Miðlar til félagsmanna breytingum á lögum og reglugerðum er varðar pípulagnir.
– Aðstoðar félagsmenn með hin ýmsu málefni og finnur þeim réttan farveg.
– Gætir hagsmuna félagsmanna. Lögð er fram kæra til fyrirtækja sem stunda atvinnustarfssemi í pípulögnum án meistara í forsvari.
– Fylgist með menntun stéttarinnar og kemur ábendingum til Verkmenntaskóla.
– Heldur utan um keppnir í pípulögnum á meðal nemenda í pípulögnum.
– Tekur þátt í erlendum keppnum, EuroSkills, og sendir keppendur í þær.
– Aðstoðar félagsmenn varðandi iðnnema.
– Heldur utan um kjarasamning félagsmanna og viðkomandi sveinafélags.
– Aðstoðar félagsmenn varðandi gæðakerfin.
– Auglýsir í ljósvakamiðlum landsmanna mikilvægi þess að versla við félagsmenn.
– Fylgist með þróun lagnaefna í pípulögnum og miðlar til félagsmanna.
– Heldur fyrirlestra um hin ýmsu mál er snúa að faginu.
– Heldur aðalfund og árshátíð ásamt tveimur auka félagsfundum.
– Er með styrktarsjóð fyrir félagsmenn ef upp koma óvænt áföll.
– Heldur góðum tengslum við önnur fagfélög.
– Gefur út félagatal í samstarfi við birgja.
– Félag Pípulagningameistara er fyrir löggilta pípulagningameistara sem hafa fagmennsku og metnað að leiðarljósi í sínu fagi.












*Oliver Gústafsson og Davíð Þór Sigurðsson, sölumenn hjá Verkfæri ehf.*

# Verkfæri ehf. opnar glæsilegt Leica sýningarsetur

**„Við vorum að stækka okkar húsnæði í Tónahvarfi 3 og erum búnir að opna Leica setrið. Verkfæri ehf. hefur verið með umboð fyrir þessar vörur síðan í febrúar 2021. Þetta eru svissnesk gæði og vörumerkið hefur verið til frá 1819. Leica vörur eru mjög hátt skrifaðar þegar kemur að öllum gæða- og nákvæmniskröfum,“ segir Oliver Gústafsson, sölumaður hjá Verkfæri ehf.**

Verkfæri ehf var stofnað 2009 og upphaflega snerist starfsemin aðallega um útflutning á vinnuvélum en með tímanum breyttust áherslur fyrirtækisins og nú er innflutningur aðal starfsemi þess. „Við flytjum inn bæði nýjar og notaðar vinnuvélar fyrir bygginga- og jarðvinnuverktaka ásamt ýmiskonar aukabúnaði sem hjálpar okkar viðskiptavinum að gera það sem þeir gera best. Leica setrið verður gríðarlega góð viðbót við vöru- og þjónustuframboð okkar; Leica vörurnar eru mjög vinsælar vörur sem viðskiptavinir okkar þekkja vel og eru mjög ánægðir með. Stærstu verktakafyrirtæki landsins eru meðal traustra viðskiptavina fyrirtækisins. Það eru í raun ótrúlega fjölbreytt verkefni sem hægt er að leysa með vöruflórunni frá Leica og verkefnin sem við fáum á borðið eru því mjög fjölbreytt“.

„Við erum með allt frá smærri línulaserum upp í vélstýringakerfi, alstöðvar og flóknari vörur. Við erum með línulasera og lengdarmæla sem eru mikið notaðir af iðnaðarmönnum, snúningslasera sem eru notaðir talsvert í pípulagningar utanhúss, jarðvinnu og byggingarframkvæmdir, sóntæki, sem eru vinsæl hjá bæjarfélögum og stofnunum, landmælingabúnað sem er mikið notaður af verkfræðistofum ásamt vélstýringabúnaði sem er notaður í alla helstu jarðvinnuframkvæmdir á landinu. Svona mætti í raun lengi telja en við sinnum bæði þjónustu og sölu fyrir gríðarlega fjölbreyttan viðskiptavinahóp.“ segir Oliver.

„Við erum líka með góða viðgerðaraðstöðu fyrir alla vöruflóruna frá Leica og meira til. Við erum því vel í stakk búnir til að framkæma flestar viðgerðir hér heima, sem styttir viðgerðartíma og eykur þannig þjónustustig gagnvart okkar viðskiptavinum“, útskýrir Oliver. „Við erum mjög stoltir af því tækifæri sem við höfum fengið til að selja og þjónusta þessar frábæru vörur enda teljum við okkur hafa þá þekkingu og reynslu í öflugum hópi sérhæfðra starfsmanna sem þarf til að geta veitt viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu. Við erum komnir með fjóra starfsmenn í tæknideildina hjá okkur, þar af eru tveir landmælingaverkfræðingar og einn vélaverkfræðingur. Það er því mikil þekking og reynsla í mannauðinum hjá okkur. Nú er það okkar að sýna það í verki og það er bara verkefni sem að við hlökkum virkilega til að takast á við,“ segir Oliver að lokum.


HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

## Verðmæti í góðmálmum og brotajárni

**Nánar á www.hringras.is/verdskra**

**Verðskrá – Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:**

| | |
|---|---|
| Ál (+ Álfelgur)/ Aluminum | 80 kr. |
| Ál -steypa o <= 2% járn / Aluminum cast | 50 kr. |
| Ál svarf | 40 kr. |
| Ál-kaplar / Aluminum cables | 15 kr. |
| Prent-ál / Aluminum litho | 125 kr. |
| Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st – 2nd grade | 20 kr. |
| Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflök) / Scrap metals 3rd grade | 14 kr. |
| Blý / Lead | 115 kr. |
| Vatnskassa / Elements | 30 kr. |
| Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum) | 8 kr. |
| Kaplar / Cables | 70 kr. |
| Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper | 555 kr. |
| Kopar, eir / Copper | 505 kr. |
| Látun, messing, brons / Brass | 355 kr. |
| Rafgeymar / Car batteries | 10 kr. |
| Rafmótorar / Electric motors | 55 kr. |
| Ryðfrítt stál / Stainless steel | 115 kr. |
| Ryðfrítt svarf | 40 kr. |
| Zink / Zinc | 80 kr. |
| Hvarfakútar pr stk. / Catalytic converters | 5.000–10.000 kr. |

**SKILMÁLAR OG LEIÐBEININGAR:**

**Leitið magntilboða. Seek offers for large quantities.**
***Verð greitt fyrir er efni komið í port Hringrásar.**
***Prices for materials delivered at our facilities.**
**Greitt fyrir dekk/brotajárn 300 kg. eða meira.**
**Payments for tires/scrap metals 300 kg. or more.**





# TENGI opnar glæsilega verslun á Selfossi

TENGI opnaði nýja verslun á Selfossi í byrjun vetrar. Verslunin er öll hin glæsilegasta, enda hönnuð af sama arkitekti og verslunin í höfuðstöðvunum í Kópavoginum. Boðið er allt það helsta í blöndunar- og hreinlætistækjum til sýnis í björtum og rúmgóðum sýningarsal. Einnig er mikið lagt upp úr því að þjónusta fagmenn vel. Til að mynda er sérinngangur fyrir þá beint inn í lagnadeildina. Þar er líka þægileg kaffiaðstaða ásamt rými til að skoða hvað er nýtt í heimi pípulagna. Í versluninni starfa 4 starfsmenn. Húsnæðið er vel rúmt, samtals hátt í 1000 $m^2$ þar sem boðið verður upp á allar vörur á lager.
Meðfylgjandi myndir eru teknir á opnunardaginn.















*Glaðbeittir starfsmenn TENGIs fyrir framan verslunina á Selfossi, til þjónustu reiðubúnir.*



*F.v.: Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara Gunnar Hansson og Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, þáttastjórnendur.*

# Formaður FP í Mannlega þættinum á RÚV

**Fimmtudaginn 10. mars s.l. kom Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara, sem sérfræðingur vikunnar í Mannlega þáttinn á Rás 1. Þátturinn er á dagskrá Rásar 1 virka daga vikunnar kl. 11:00. Stjórnendur þáttarins voru þau Gunnar Hansson og Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, sem raunar leysti af Guðrúnu Gunnarsdóttur, sem venjulega er við stjórnvölinn með Gunnari. Stjórnendur þáttarins hafa tíðkað það að fá til sín sérfræðinga í hinum ýmsu sviðum til að sitja fyrir svörum.**

Í fyrri hluta þáttarins fór Böðvar Ingi yfir helstu verkefni og málefni Félags pípulagningameistara. Einnig fór Böðvar Ingi yfir helstu þættina í starfi pípulagningamanna, tryggingamál, samskipti við neytendur, gæðaeftirlit, tjónatryggingar og fleira tengt réttindum og skyldum.
Í seinni hluta þáttarins svaraði Böðvar Ingi hluta af fjölmörgum fyrirspurnum sem sendar voru inn í þáttinn frá hlustendum. En tímans vegna tókst ekki að fara yfir nema hluta þeirra spurninga sem bárust frá hlustendum. Enda höfðu stjórnendur á orði að greinilega þyrfti að fá Böðvar inga til að koma aftur í þáttinn til frekari upplýsingagjafar.


Þar sem tvær lagnir koma saman
þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.
Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).
Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.
Brunnarnir eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.
ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.
Fást í byggingavöruverslunum um land allt.
Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.
sæplast
HLUTI AF RPC GROUP
SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com
® Sæplast er skrásett vörumerki í eigu RPC GROUP



aquatherm
hawle
MAINCOR
wilo
VATN & VEITUR
Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ

# Vatnsvirkinn með lausnir í dælubrunnum frá Zehnder og Flygt



Vatnsvirkinn býður tilbúnar lausnir í dælubrunnum frá þýska framleiðandanum Zehnder og sérsmíði brunna í samstarfi við Flygt.

„Við eigum Zehnder brunna á lager og gott úrval af dælum fyrir mismunandi aðstæður.

Hæð brunnanna frá 1,6 m, upp í 3,2 m. Þeir koma tilbúnir með öllum lögnum, sleðum fyrir dælur og hæðarnemum.“ Það flýtir fyrir uppsetningu, einfaldar verkið umtalsvert að fá brunn tilbúinn með lögnum, dælu og stýringu í einum pakka.

„Í samstarfi við dæluframleiðandann Flygt sérsmiðum við brunna fyrir stærri verkefni, hvort sem er tveggja brunna kerfi með tæknirými með þurruppstilltum dælum og stýringum er í sér brunni við hlið á safnbrunni eða sem eins brunna kerfi með blautdælum.“ Flygt dælurnar þjóna sveitafélögum og stærri notendum og eru löngu búnar að sanna sig sem endingargóðar og traustar dælur. „Vanti dælur eða tilbúna dælubrunna er Vatnsvirkinn rétti staðurinn til að klára dæmið“, segir Þorsteinn hjá Vatnsvirkjanum að lokum.





# Húsasmiðjan Lagnadeild eykur sífellt vöruúrvalið




Forráðamenn Lagnadeildar Húsasmiðjunnar eru sífellt að auka við vöruúrvalið. Má þar meðal annars nefna uppádraganlegt General Fittings frá Ítalíu frá 16mmx2,2 uppí 32mmx4,4 PEX-a. Þessi gæðavara er fáanleg bæði í rúllum og í beinum stöngum, 3m. Lagnadeildin er líka afar samkeppnishæf í snjóbræðslurörum: PP grátt; viðskiptavinum finnast rörin vera mjúk og þægileg að leggja. Svo er gaman að segja frá stórauknu úrvali í hitaveituskeljum 1400-1600l. Einnig er Lagnadeildin með minni skel hugsaða fyrir kælingu, ásamt öllum fittings þeim tengdum eins og PVC rafmagnskúlulokum. Þá verður Lagnadeildin með Sauna tunnur fyrir komandi sumar. Verið velkomin í Lagnadeildina í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar, Kjalarvogi 12-14 og skoðið úrvalið.





Umhverfisvænn
**frostlögur**
fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA

Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is




RADSON
áreiðanlegur hitagjafi
°CLEVER
LÁGHITA MIÐSTÖÐVAROFNAR
10 YEAR QUALITY GUARANTEE
10 ára ábyrgð
Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
Gæði fara aldrei úr tísku
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is


TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI
Kynntu þér málið á birta.is
Sundagörðum 2 I 104 Reykjavík I 480 7000 I birta.is
BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR


Íslenska
frárennslisrörið
Vöruhús Set í Reykjavík
Klettagörðum 21
Sími: 480 2700 | sala@set.is | www.set.is
Set
Set ehf • Röraframleiðsla


Símenntun í iðnaði
Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ
IÐAN
fræðslusetur
www.idan.is


STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA
• Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
• Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
• Tröppur & stigar í úrvali
• Loftastoðir • Net á vinnupalla
Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!
STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is
STOÐ
PALLALEIGA